

Efni: Breyting á vægi fitu og próteins í lágmarksverði meðalmjólkur skv. verðlagsgrundvelli kúabús.

Á fundi stjórnar Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM), sem haldinn var 10. desember 2013, var ákveðið að leita staðfestingar Verðlagsnefndar búvöru, á þeirri tillögu samtakanna, að breyta vægi efnabátta í lágmarksverði meðalmjólkur skv. verðlagsgrundvelli kúabús.

Undangengin ár hefur greiðsla fyrir móttækna mjólk markast af því að 25% af lágmarksverði mjólkur, skv. verðlagsgrundvelli, hefur verið reiknað eftir fituinnihaldi en 75% af lágmarksverði eftir próteininnihaldi. Stjórn SAM ákvað að leita eftir stafestingu þess, við Verðlagsnefnd búvöru, að viðmiðun efnabátta af lágmarksverði færi úr 25/75 í 50/50 fyrir fitu/prótein – þ.e. að verðvægi efnabátta yrði jafnt.

Ákvörðun þessi er tekin í kjölfar þróunar á eftirspurn á markaði eftir efnabáttum mjólkur. Samanlagðar greiðslur fyrir móttækna mjólk munu ekki breytast ef efnainnihald framleiddrar mjólkur verður óbreytt. Greiðslur til einstaka framleiðenda tekur mið af efnainnihaldi innveginnar mjólkur, eins og verið hefur, en með meiri áherslu eftir fituinnihaldi mjólkurinnar og að sama skapi minni áherslu á próteininnihald.

Í eftirfarandi yfirlitstöflu koma fram helstu þættir í skiptingu lágmarksverðs mjólkur til framleiðenda, fyrir og eftir breytingu viðmiðunarþátta.

Yfirlitstafla		Fyrir breytingu		Eftir breytingu	
		Fita	Prótein	Fita	Prótein
		25%	75%	50%	50%
Vægi efnabátta					
Lágmarksverð.....	82,92 kr/ltr	20,7300	62,1900	41,4600	41,4600
Verð á fitueiningu.....	4,11 % fita	5,0438		10,0876	
Verð á próteineiningu.....	3,32 % prótein		18,7319		12,4880

Útreikningur á verði til framleiðenda verður því eftirfarandi

a) m.v. 1 lítra af mjólk:

$$(10,0876 * F\%) + (12,4880 * P\%) = \text{kr. á lítra mjólk.}$$

b) m.v. innlagða mjólk á mánuði:

$$(10,0876 * \text{fitueiningar í mánuðinum}) + (12,4880 * \text{próteineiningar í mánuðinum})$$

= **Samtals greitt fyrir mjólk innlagða í mánuðinum.**

Á fundi Verðlagsnefndar búvöru, sem haldinn var 8. janúar 2014, var tillaga SAM tekin til afgreiðslu og staðfest af hálfu Verðlagsnefndar. Þessi viðmiðun tekur því gildi til afurða-
uppgjörs f.o.m. 1. janúar 2014. Því verður greitt miðað við þessi verðhlotföll fyrir mjólk
sem lögð er inn í afurðastöð f.o.m. 1. janúar 2014 og greitt verður fyrir 10. febrúar 2014.

Sé óskað frekari skýringa á ofangreindum breytingum mun SAM fúslega veita frekari
skýringar.

f.h. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði



Guðni Ágústsson, framkvæmdastj.